

Umsögn dómnefndar
samkvæmt III. kafla laga nr. 50/2016 um dómstóla
um umsækjendur um embætti dómara við Hæstarétt Íslands sem
auglýst var laust til umsóknar í Lögbirtingablaði 6. september 2019

Reykjavík, 9. desember 2019

Efnisyfirlit

1. Umsækjendur um hið auglýsta dómaraembætti.....	2
2. Sjónarmið sem nefndin byggir mat sitt á.....	2
3. Um málsméðferð dómnefndar.....	7
4. Almennar upplýsingar um umsækjendur.....	9
5. Mat á umsækjendum	27
5.1. Menntun, starfsferill og fræðileg þekking.....	27
5.2. Aukastörf og félagsstörf	29
5.3. Almenn starfshæfni.....	30
5.4. Sérstök starfshæfni.....	31
5.4.1. Að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu ..	31
5.4.2. Að umsækjandi geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma, ritað þá á góðu máli og fært viðhlítandi rök fyrir dómsniðurstöðu.....	31
5.4.3. Að umsækjandi geti stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum er fengin bæði fljótt og af öryggi	32
5.5. Andlegt atgervi.....	32
6. Niðurstaða dómnefndar.....	33

1. Umsækjendur um hið auglýsta dómaraembætti

Með bréfi, dags. 25. september 2019, fór dómsmálaráðuneytið þess á leit við dómnefnd samkvæmt III. kafla laga nr. 50/2016 um dómstóla að hún léti í té umsögn um hæfni umsækjenda um embætti dómara við Hæstarétt Íslands sem auglýst var laust til umsóknar 6. september 2019 í Lögbirtingablaði. Skipað verður í embættið hið fyrsta eftir að dómnefnd um hæfni umsækjenda hefur lokið störfum.

Um embættið sóttu Aðalheiður Jóhannsdóttir prófessor, Aðalsteinn E. Jónasson landsréttardómari, Ása Ólafsdóttir prófessor, Davíð Þór Björgvinsson landsréttardómari, Guðni Á. Haraldsson lögmaður, Ingveldur Einarsdóttir landsréttardómari, Oddný Mjöll Arnardóttir landsréttardómari og Sigurður Tómas Magnússon landsréttardómari.

Samkvæmt 3. gr. reglna um störf dómnefndar lætur dómsmálaráðherra staðreyna að umsækjendur uppfylli öll hin almennu hæfisskilyrði embættisins sem auglýst hefur verið laust til umsóknar. Niðurstaða ráðuneytis dómsmála er sú að allir umsækjendur uppfylli þau skilyrði.

Umsögn dómnefndar fer hér á eftir.

2. Sjónarmið sem nefndin byggir mat sitt á

Hæstiréttur gegnir sérstakri stöðu í dómstólaskipan landsins. Sést þetta m.a. af handhöfn forseta réttarins á forsetavaldi, sbr. 8. gr. stjórnarskrár, og sérstakri réttarvernd hæstaréttardómara, sbr. 61. gr. stjórnarskrár.

Með lögum nr. 50/2016 og lögum sem sett voru samhliða þeim voru gerðar stórfelldar breytingar á dómstólaskipaninni. Með 1. gr. þeirra var hlutverki Hæstaréttar Íslands breytt með þeim hætti að hann skyldi framvegis vera æðsti dómstóll ríkisins án þess að vera samtímis áfrýjunardómstóll, líkt og verið hafði í tíð eldri laga. Til samræmis er áfrýjun mála nú háð leyfi réttarins og einkum takmörkuð við mál sem hafa „verulegt almennt gildi“ eða „verulega almenna þýðingu,“ sbr. 176. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og 4. mgr. 215. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Hæstarétti er því hér eftir einkum ætlað að dæma um mál sem hafa verulega almenna þýðingu. Af þeim sökum má vænta þess að opinber umræða muni aukast um úrlausnir réttarins og forsendur dóma hans muni koma til ítarlegri skoðunar en áður.

Þótt þetta sé vissulega til þess fallið að auka veg réttarins þegar fram í sækir þá leiðir það jafnframt af sér kröfu um að val á dómurum réttarins sé eins trúverðugt og framast er kostur.

Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 um dómstóla skal dómnefnd láta ráðherra í té skriflega og rökstudda umsögn um umsækjendur um embætti dómara. Samkvæmt lögnum skal í umsögn dómnefndar tekin afstaða til þess hvaða umsækjandi sé hæfastur til að hljóta embættið, en heimilt er að setja tvo eða fleiri umsækjendur jafna.

Lögum um dómstóla nr. 15/1998 var breytt með lögum nr. 45/2010. Í athugasemdum við þá málsgrein laga nr. 45/2010 er varð að 2. mgr. 4. gr. a laga nr. 15/1998, sbr. nú 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016, segir m.a. að brýnt sé að vandað verði til allrar málsméðferðar hjá dómnefndinni, en ekki er gert ráð fyrir því að hún raði öllum umsækjendum um embætti í tiltekna flokka. Sé það hlutverk dómnefndarinnar að fjalla um umsækjendur um embætti dómara, draga fram hæfustu umsækjendurna og gera jafnframt grein fyrir því hvern eða hverja hún telur hæfasta úr hópi þeirra. Svo segir: „Við mat á hæfni dómaraefna er til margra atriða að líta, svo sem starfsreynslu á sviði lögfræði, hvort heldur hún er á sviði dómstarfa, málflutnings, annarra lögmannsstarfa, fræðistarfa eða innan stjórnsýslunnar, en almennt verður umsækjandi að hafa til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega menntun og þekkingu. Rétt er einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraefni. Almennt verður að telja umsækjanda til tekna að hafa yfir að búa fjölbreyttri starfsreynslu, þótt meta verði það hverju sinni. Dómnefndinni er einnig rétt að líta til og að leita sérstaklega eftir umsögnum um störf umsækjanda og þess hvort hann sé skilvirkur í störfum sínum og vinnusamur, hvort hann hafi til að bera hæfni til að skilja aðalatriði frá aukaatriðum og setja álit sitt fram á skiljanlegan hátt, bæði munnlega og skriflega. Er í því skyni unnt að líta til fræðirita, reynslu umsækjanda af málflutningi eða þeirra dóma sem umsækjandi kann að hafa samið. Umsækjandi um dómaraembætti verður enn fremur að geta átt góð samskipti við aðra.“

Í lok 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 kemur fram að ráðherra setji að öðru leyti nánari reglur um störf nefndarinnar. Þáverandi dómsmála- og mannréttindaráðherra

setti reglur nr. 620/2010 um störf dómnefndar sem fjallar um hæfni umsækjenda um dómarEmbætti. Í 4. gr. reglnanna er fjallað um sjónarmið sem nefndin skal byggja mat sitt á og segir þar svo:

„4. gr.

Sjónarmið sem mat dómnefndar skal byggt á.

Í umsögn dómnefndar skal tekin afstaða til þess hvaða umsækjandi eða umsækjendur séu hæfastir til þess að hljóta umrætt dómarEmbætti. Dómnefnd skal gæta þess við mat sitt að samræmis sé gætt þannig að jafnræði sé í heiðri haft. Niðurstaðan skal byggð á heildstæðu mati á grundvelli málefnaalegra sjónarmiða og skal þar byggt á verðleikum umsækjenda með hliðsjón af menntun og reynslu, ráðvendni, hæfni og skilvirkni í starfi, eins og nánar greinir m.a. hér á eftir:

1. *Menntun, starfsferill og fræðileg þekking.* Við mat á menntun, starfsferli og fræðilegri þekkingu skal dómnefndin miða við að æskilegt sé að umsækjandi hafi fjölbreytta starfsreynslu á sviði lögfræðinnar, s.s. reynslu af dómtörfum, málflutningi eða öðrum lögmannsstörfum, störfum innan stjórnsýslunnar eða fræðistörfum. Miðað skal við að umsækjandi hafi til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega þekkingu og menntun. Þá skal litið til þess hvort umsækjandi hefur stundað framhaldsnám.

2. *Aukastörfog félagsstörf.* Dómnefnd ber einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraeftni. Loks er heimilt að líta til víðtækrar þáttöku í félagsstarfi.

3. *Almenn starfshæfni.* Við mat á almennri starfshæfni skal litið til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hvort hann eigi auðvelt með skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Æskilegt er að hann hafi reynslu af stjórnun. Umsækjandi skal hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti.

4. *Sérstök starfshæfni.* Mikilvægt er að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu og geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritar Þá á góðu máli. Hann verður að geta stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin, bæði fljótt og af öryggi.

5. *Andlegt atgervi.* Umsækjandi þarf að eiga auðvelt með mannleg samskipti, bæði við samstarfsmenn og þá sem erindi eiga við hann. Gerð er krafa um að af umsækjanda

fari gott orð bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant."

Í almennum athugasemdum við frumvarp það er varð að lögum nr. 45/2010 um breytingu á lögum nr. 15/1998 um dómstóla er áréttáð að í öðrum lögum sé einnig að finna ákvæði sem taka verður tillit til við skipun dómara, svo sem í stjórnsýslulögum, nr. 37/1993, lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þá er í athugasemnum minnt að í tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins nr. R(94)12 frá 13. október 1994 um sjálfstæði, skilvirkni og hlutverk dómenda (*On the Independence, Efficiency and Role of Judges*) kemur fram að allar ákvarðanir um skipun og starfsframa dómara eigi að vera byggðar á hlutlægum sjónarmiðum og byggjast á verðleikum, með hliðsjón af hæfi, ráðvendni, hæfni og skilvirkni í starfi. Upphafsákvæði 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 620/2010 eru byggð á þessum tilmælum.

Umboðsmaður Alþingis fjallaði í ársskýrslu sinni árið 2016 um hvernig haga bæri mati á umsækjendum um stöður á vegum hins opinbera. Þar kom m.a. fram að samkvæmt óskráðri meginreglu stjórnsýsluréttar beri almennt að ráða hæfasta umsækjandann í opinbert starf. Af því leiði að mat á umsækjendum þurfi að fara fram á grundvelli faglegra verðleika þeirra í ljósi þeirra málefnalegu sjónarmiða sem eigi við hverju sinni samkvæmt lögum og eðli starfsins. Þá gerði umboðsmaður grein fyrir því að hann hefði orðið þess var síðari ár að farin hafi verið sú leið að tilgreina þau sjónarmið sem mat á umsækjendum er grundvallað á og þeim gefið ákveðið vægi. Umsækjendum hafi síðan verið gefin stig fyrir hvert sjónarmið og heildarstigagjöf hvers umsækjanda reiknuð út. Sá sem hlyti flest stig teldist jafnan hæfastur.

Umboðsmaður tók fram að þessi aðferð væri „almennt í góðu samræmi“ við það verkefni að meta umsækjendur á grundvelli faglegra verðleika. Hann hefði hins vegar orðið þess var að þessari aðferð væri beitt með „of formlegum eða fortakslausum“ haetti en minna færi fyrir efnislegu mati á þekkingu og getu umsækjenda. Þannig væri t.d. einungis litið til þess hversu löng starfsreynsla væri í árum talið, hversu mörgum námskeiðum þeir hefðu lokið eða hversu margar fræðigreinar þeir hefðu birt en þess sæjust ekki merki að lagt hefði verið mat á t.d. inntak starfsreynslunnar, þá m. hversu vel viðkomandi hefði staðið sig í starfi og þá með tilliti til þess hvernig ætla mætti að sú

starfsreynsla myndi nýtast í því starfi sem verið er að ráða í. Í öðrum tilvikum hefðu sjónarmiðum verið stillt upp í maelikvarða þar sem þau hefðu verið greind í flokka, s.s. ólíka flokka starfsreynslu, þar sem hver flokkur gæti einungis gefið tiltekinn fjölda stiga. Afleiðingin yrði þá oft og tildeum sú að sá umsækjandi sem hefði unnið á flestum stöðum, og sækta stig úr flestum flokkum, fengi fleiri stig en umsækjandi sem hefði tileinkað sér ákveðna starfsreynslu, án þess að lagt hefði verið mat á hvort hin langa starfsreynsla þess síðarnefnda væri engu að síður betri undirbúningur til að gegna hinu auglýsta starfi en hin fjölbreytta starfsreynsla þess fyrrnefndra.

Niðurstaða umboðsmanns var sú að gæta yrði varfærni við mat sem þetta. Nefndin getur tekið undir þessi sjónarmið og hefur horft til þeirra við mat á hæfni umsækjenda. Kjarni máls er sá að samkvæmt 12. gr. laga nr. 50/2016 ber nefndinni að framkvæma efnislegt mat á því hvaða umsækjandi teljist hæfastur til að gegna því dómaraembætti sem hefur verið auglýst laust til umsóknar. Þá segir í 4. gr. reglna nr. 620/2010 að niðurstaðan um þetta eigi að ráðast af „heildarmati“ og því sé varhugavert að leggja um of áherslu á eitt atriði umfram annað. Þetta orðaði nefndin svo í álti sínu frá 22. júlí 2019 að sjónarmiðin sem komi til álita hljóti eðli máls samkvæmt að hafa ólíkt vægi innbyrðis, en ekkert eitt þeirra geti ráðið úrslitum. Síðan skal það tekið fram að þótt nefndin hafi við gerð fyrri umsagna stuðst við reikniskjöl við mat á umsækjendum þá hefur nefndin aldrei gert þau að hluta að álti sínu. Þess í stað hefur nefndin ályktað um hverjir teljist hafa verið hæfastir án þess að gefa þeim innbyrðis einkunnir í niðurstöðum sínum.

Því sjónarmiði hefur verið hreyft að staða umsækjenda í umræddum reikniskjólum sem nefndin studdist við í eldri umsögnum bindi mögulega hendur nefndarinnar. Á þetta getur nefndin ekki fallist, enda er henni skylt samkvæmt lögum og reglum að leggja heildarmat á hæfni umsækjenda á grundvelli þeirra upplýsinga sem fyrir liggja. Auk þess verður að gæta varúðar, eins og umboðsmaður Alþingis hefur bent á, þegar unnið er með reikniskjöl sem þessi.

Í starfi nefndarinnar hefur talsvert verið rætt um hvaða vægi beri að leggja í þau orð 1. töluliðar 4. gr. reglna nr. 620/2010 að „æskilegt sé“ að umsækjandi hafi „fjölbreytta starfsreynslu.“ Nefndin lítur svo á að þetta matsviðmið sé ekki einfalt í meðförum, líkt og reyndar umboðsmaður Alþingis hefur bent á og rakið var að framan.

Varast beri því að gefa þessu sjónarmiði of mikla vigt. Vissulega geti fjölbreytt starfsreynsla aukið lögfræðilega þekkingu umsækjenda en slíkt sé þó ekki endilega raunin. Nefndin ákvað því að horfa til þessa sjónarmiðs um fjölbreytta starfsreynslu en gæta þess um leið að það fái ekki um of vægi í störfum nefndarinnar. Þetta telur nefndin samrýmast vel þeim hugmyndum sem löggjafinn lýsti við setningu laga nr. 45/2010. Í greinargerðinni með frumvarpinu sem varð að lögum nr. 45/2010 var þannig vikið að því að við mat á hæfni dómara sé „til margra atriða að líta“ svo sem eins og „starfsreynslu á sviði lögfræði“. Svo sagði þar að einu gilti hvort sú starfsreynsla væri á sviði dómstarfa, málflutnings, annarra lögmannsstarfa, fræðistarfa eða innan stjórnsýslunnar. Af þessu verður ráðið að áhersluatriði frumvarpshöfunda er lögfræðileg þekking umsækjandans, ekki tegund eða fjöldi þeirra starfa sem hann hefur sinnt til að afla sér þeirra. Það segir að vísu í greinargerðinni að telja megi það umsækjanda til tekna að hafa yfir að búa „fjölbreyttri starfsreynslu“ en þess er þó jafnframt getið að slíkt verði að meta „hverju sinni.“ Ákvæði 1. töluliðar 4. gr. reglna nr. 620/2010 virðist byggja á þessu sjónarmiði. Af þessum sökum telur nefndin ekki rétt að fjölbreytileiki starfsreynslu hafi sérstakt úrslitavægi þegar kemur að mati á hæfni umsækjenda. Samrýmist þetta vel áliði nefndarinnar frá 22. júlí 2019 þar sem þýðing fjölbreytileika var ekki síst tengd því að verkefnin, sem umsækjendur hefðu fengist við, væru fjölbreytileg í þeim skilningi að þeir hefðu reynslu af því að beita réttarreglum á ólíkum sviðum lögfræði.

3. Um málsmeðferð dómnefndar

Fjórir af þeim nefndarmönnum sem skipaðir hafa verið í dómnefndina, Ingimundur Einarsson, Kristín Benediktsdóttir, Ragnheiður Harðardóttir og Óskar Sigurðsson, hafa lýst sig vanhæfa á grundvelli 3. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 til að taka þátt í meðferð umsókna um ofangreint dómaraembætti. Tóku varamenn þeirra, Áslaug Árnadóttir, Valtýr Sigurðsson, Halldór Halldórsson og Guðrún Björk Bjarnadóttir, sæti í nefndinni í þeirra stað. Hinn 9. október 2019 ritaði nefndin umsækjendum tölvubréf og óskaði eftir því að þeir gerðu strax athugasemdir við sérstakt hæfi dómnefndarmanna teldu þeir einhverjar vanhæfisástæður fyrir hendi. Ekki komu þá fram athugasemdir við sérstakt hæfi nefndarmanna. Þann 10. október lýsti varamaður Kristínar, Valtýr Sigurðsson, sig

vanhæfan á grundvelli 3. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Þann 11. október 2019 tilnefndi Hæstiréttur Íslands Víði Smára Petersen, *ad hoc* sem nefndarmann í dómnefndina. Hinn 14. október 2019 ritaði nefndin umsækjendum tölvubréf og óskaði eftir því að þeir gerðu athugasemdir við sérstakt hæfi nefndarmannsins teldu þeir einhverjar vanhæfisástæður fyrir hendi. Í kjölfar ábendingar frá umsækjanda óskaði Víðir eftir því að skipan hans yrði dregin til baka. Þann 21. október 2019 tilnefndi Hæstiréttur Íslands Reimar Snæfells Pétursson, *ad hoc* sem nefndarmann í dómnefndina. Hinn 21. október 2019 ritaði nefndin umsækjendum tölvubréf og óskaði eftir því að þeir gerðu strax athugasemdir við sérstakt hæfi nefndarmanns teldu þeir einhverjar vanhæfisástæður fyrir hendi. Ekki komu þá fram athugasemdir við sérstakt hæfi nefndarmanna.

Peim dómnefndarmönnum, sem taka þátt í meðferð málsins, er ekki kunnugt um að neinar ástæður séu fyrir hendi sem valda vanhæfi þeirra til að koma að því.

Dómnefnd átti viðtöl við umsækjendur þann 30. október 2019.

Í framangreindri auglýsingu frá 6. september 2019 var m.a. áskilið að fram kæmu í umsóknum um embætti dómara við Hæstarétt Íslands upplýsingar um two fyrrverandi eða núverandi samstarfsmenn eða yfirmenn sem gætu veitt dómnefnd bæði munnlega og skriflega upplýsingar um störf og samstarfshæfni hlutaðeigandi umsækjanda. Á grundvelli þessa ákvæðis sendi dómnefnd spurningalista til þeirra sem umsækjendur höfðu gefið upp sem meðmælendur. Umsækjendum var síðan veitt færi að tjá sig um svör umsagnaraðilanna. Lagði dómnefndin til grundvallar umsagnir þeirra er umsækjendur höfðu tilnefnt sem umsagnaraðila.

Þess skal getið að hæfni umsækjendanna Aðalsteins E. Jónassonar, Davíðs Þórs Björgvinssonar, Ingvaldar Einarsdóttur, Oddnýjar Mjallar Arnardóttur og Sigurðar Tómasar Magnússonar hefur áður verið metin af dómnefnd samkvæmt III. kafla laga nr. 50/2016 vegna umsóknar þeirra um embætti dómara við Landsrétt, sbr. umsögn nefndarinnar, dags. 19. maí 2017. Þá hefur hæfni umsækjendanna Aðalheiðar Jóhannsdóttur og Ásu Ólafsdóttur áður verið metin af dómnefnd samkvæmt III. kafla laga nr. 50/2016 vegna umsóknar þeirra um embætti dómara við Hæstarétt, sbr. umsögn nefndarinnar, dags. 3. desember 2012.

Eins og áður segir fór ráðuneytið þess á leit við dómnefnd með bréfi 25. september 2019 að hún léti í té umsögn um hæfni umsækjenda. Í ljósi þess að nefndin

kom fyrst saman fullskipuð á fundi þann 28. október 2019 lítur hún svo á að þann dag hafi sex vikna afgreiðslufrestur skv. 9. gr. reglna nr. 620/2010 byrjað að líða og beri nefndinni því að skila umsögn sinni eigi síðar en 10. desember 2019. Í sömu grein er jafnframt tekið fram að sá frestur geti þó orðið lengri ef sérstakar ástæður valda því, svo sem mikill fjöldi umsækjenda og þess háttar.

Samkvæmt 7. gr. reglna nr. 620/2010 voru umsækjendum send drög að umsögn dómnefndar með tölvubréfum 29. nóvember 2019, þar sem þeim var gefinn kostur á að gera athugasemdir við þau til 6. desember kl. 15.00, sbr. 7. gr. reglna nr. 620/2010. Þess var sérstaklega farið á leit í bréfinu að athugasemdir yrðu sendar sem fyrst ef unnt væri.

Athugasemdir bárust frá sjö af átta umsækjendum. Farið var yfir athugasemdir á fundum nefndarinnar 6. og 9. desember 2019. Sumar þeirra gáfu tilefni til minni háttar breytinga á efni umsagnarinnar frá því, sem gert hafði verið ráð fyrir í drögunum, svo og á stöku stað breytts mats á hæfni umsækjenda að því er varðar einstaka matsþætti. Á hinn bóginn breyttu athugasemdirnar ekki þeim ályktarorðum sem komu fram í drögunum er umsækjendum voru send.

4. Almennar upplýsingar um umsækjendur

Hér á eftir verður gerð grein fyrir menntun og reynslu umsækjenda. Upplýsingarnar eru fyrst og fremst byggðar á umsóknum umsækjendanna. Ekki er greint frá öllu því, sem þeir hafa talið þar upp, heldur getið helstu starfa og viðfangsefna er þeir hafa sinnt, auk þess sem leitast hefur verið við að gæta samræmis þeirra á milli þegar gerð er grein fyrir þessum atriðum.

Aðalheiður Jóhannsdóttir er fædd 8. janúar 1957 og er því 62 ára. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands vorið 1991. Hún lauk doktorsprófi í lögfræði frá lagadeild Uppsalaháskóla í Svíþjóð árið 2009 á svíði umhverfisréttar eftir fjögurra ára skipulagt doktorsnám. Hún lagði stund á háskólanám í ítölsku og listasögu í Flórens á Ítalíu 1982-1983, sagnfræði við Háskóla Íslands 1983-1984 og alþjóðastjórnarmálafræði við sama skóla 1995. Þá hefur hún sótt ýmis námskeið í umhverfis- og auðlindarétti á árunum 1999-2019. Að loknu embættisprófi starfaði umsækjandinn í umhverfisráðuneytinu, fyrst sem lögfræðingur 1992-1993 og síðar sem deildarstjóri á árunum 1993-1994. Hún var framkvæmdastjóri Náttúruverndarráðs í

tæp þrjú ár 1994-1997 og forstjóri Náttúruverndar ríkisins 1997-1998. Umsækjandinn var árið 1992 skipuð formaður nefndar, sem falið var að kanna réttarstöðu iðnmeistara. Sama ár var hún skipuð formaður nefndar til að semja frumvarp til laga um notkun og losun erfðabreyttra örvera og lífvera. Hún sat í umhverfisnefnd EFTA á árunum 1992-1994 sem hafði það hlutverk að meta hvort tilteknar gerðir Evrópusambandsins ættu heima í viðaukanum við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Árin 1994-1996 var hún varamaður í Ferðamálaráði. Á árunum 1997-1999 var hún varaformaður ráðgjafanefndar um erfðabreyttar lífverur. Á sama árabili átti hún sæti í nefnd, sem hafði það hlutverk að gera tillögur að reglugerð um innflutning plantna til ræktunar. Árin 1995-1999 sat hún í umhverfismerkisráði. Frá árinu 2005 hefur hún verið varamaður í úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála og frá ársbyrjun 2012 varamaður í úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála uns hún tók sæti aðalmanns í ársbyrjun 2015. Í þessum nefndum hefur hún tekið þátt í að semja og kveða upp um 350 úrskurði. Þá var hún ráðgjafi á auðlinda-, orku- og umhverfissviði LEX lögmannsstofu á árunum 2010-2012. Frá því í mars 2018 hefur hún verið varamaður í óbyggðanefnd og hefur tekið þátt í að semja og kveða upp einn úrskurð. Umsækjandinn var stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands á árunum 1996-1999 og hefur verið kennari við deildina frá árinu 2002, lengst af í fullu starfi, þar af aðjúnkt 2003-2004, lektor 2004-2005, dósent 2005-2009 og professor frá 2009. Kennslugreinar umsækjandans hafa einkum verið umhverfisréttur, þ. á m. íslenskur, alþjóðlegur og evrópskur umhverfisréttur, svo og þjóðaréttur og sjálfbær þróun og loks auðlindaréttur. Hafa þessar greinar verið kenndar í meistararanámi. Einnig hefur hún frá 2017 kennt námskeiðið lögfræðirannsóknir á meistarastigi. Að auki kenndi hún samningarétt í grunninnámi á árum 2003-2005 og hefur haldið fyrirlestra í þjóðarétti og hafrétti við lagadeild Háskóla Íslands. Þá hefur umsækjandi einnig haldið fyrirlestra og kennt við háskóla erlendis, þ.m.t. Uppsalaháskóla og Luleåháskóla í Svíþjóð, lagadeild háskólans í Bournemouth og háskólann í Ljubljana í Slóveníu. Enn fremur hefur hún verið leiðbeinandi fjölda nemenda, íslenskra sem og erlendra, við ritun meistararitgerða. Hún hefur jafnframt leiðbeint tveimur doktorsnemum og verið andmælandi við tvær doktorsvarnir. Þá hefur umsækjandinn setið í tveimur doktorsnefndum. Samhliða kennslu hefur umsækjandinn sinnt umfangsmiklum

rannsóknum á fræðasviðum sínum, þ. á m. við erlenda háskóla, en hún hefur tvívegis verið gestaprófessor við lagadeildir erlendra háskóla. Í umsókn sinni greinir umsækjandinn frá fjölda ritverka sinna um lögfræðilegt efni, þar af eru þrjár bækur, 13 ritrýndar fræðigreinar og 17 ritrýndir bókakaflar. Margar greinanna hafa birst á ensku eða sánsku í viðurkenndum erlendum tímaritum og bókakaflarnir í safnritum og afmælisritum. Einnig nefnir umsækjandinn fjórar óritrýndar greinar og þrjá ritrýnda bókakafla sem samþykktir hafa verið til birtingar og að hún er meðhöfundur bókar um loftslagsrétt sem verið er að ritrýna. Bækur sem umsækjandinn hefur ritað eru *Endurskoðun ákvarðana sem áhrif hafa á umhverfið* (2008), saman ásamt Eiríki Tómassyni, doktorsritgerð umsækjandans *The significance of the default. A study in environmental law methodology with emphasis on ecological sustainability and international biodiversity law* (2009) og *Inngangur að skipulagsrétti, lagarammi og réttarframkvæmd* (2017). Segja má að öll ritverkin tilheyri umhverfisrétti, þ. á m. alþjóðlegum og evrópskum umhverfisrétti, enda þótt sum þeirra fylli einnig um efni, tengd auðlindarétti, þjóðarétti og fleiri greinum lögfræði. Að auki hefur umsækjandinn setið í ritstjórn afmælisrita, annast ritrýni og haldið tugi fræðilegra erinda og fyrirlestra hér á landi og erlendis. Umsækjandinn hefur gegnt margvíslegum trúnaðarstörfum fyrir Háskóla Íslands. Hún var varaforseti lagadeildar frá júlí 2010 til mars 2013 og deildarforseti frá mars til júní 2013. Deildarforseti 2016-2018 og aftur frá september 2019. Fyrir hönd lagadeildar hefur hún átt sæti í fjölda dómnefnda og valnefnda, ýmist til að leggja mat á hæfi eða velja úr umsækjendum um störf kennara við deildina. Þá átti hún sæti í stjórn Alþjóðamálastofnunar Háskólans 2005-2008, í fjármálanefnd skólans 2007-2009, í vísindanefnd félagsvísindasviðs 2009-2012, í stjórn Félags prófessora í ríkisháskólum 2009-2012, þar af var hún varaformaður frá vori 2011 í eitt ár, í Háskólaútgáfunni 2007-2014 og í stjórn sérstakrar námsleiðar í umhverfis- og auðlindafræðum 2005-2017. Þá hefur hún átt sæti í eða verið formaður rannsóknarnefndar lagadeildar árum saman, verið varamaður í stjórn Stofnunar Sæmundar fróða 2011-2014 og verið um árabil í stýrihópi *Nordic Environmental Law, Governance & Science Network* (NELN-netsins). Þá sat hún fund f.h. sánsku umhverfisverndarstofnunarinnar árið 2009 þar sem mótaður var grunnur að evrópskri stefnu í rannsóknum á líffræðilegri fjölbreytni. Árið 2011 veitti hún Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna ráðgjöf á sviði

lífþræðilegrar fjölbreytni og í byrjun árs 2012 var hún skipuð formaður ráðgjafahóps um gerð samnings milli HS Orku hf. og íslenska ríkisins um nýtingu jarðvarma vegna Reykjanesvirkjunar. Þá hefur Aðalheiður komið að samningu fjölda lagafrumvarpa, þ.á m. frumvarpa til laga um náttúruvernd og meginreglur umhverfisréttar. Umsækjandinn hefur verið settur dómari við Hæstarétt Íslands í tíu málum.

Aðalsteinn E. Jónasson er fæddur 18. desember 1966 og er því 52 ára. Hann útskrifaðist með embættispróf frá lagadeild Háskóla Íslands í febrúar 1992. Hann stundaði LL.M. nám við lagadeild Harvard-háskóla í Bandaríkjunum og útskrifaðist þaðan með meistaragráðu í júní 2000 með áherslu á löggjöf á fjármagnsmarkaði. Áður stundaði hann frönskunám við Toulouse háskóla. Þá kom fram hjá honum að hann hefði stundað doktorsnám við Kaupmannahafnarháskóla 2008-2010. Hann öðlaðist málflutningsréttindi sem héraðsdómslögmaður í febrúar 1993 og leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti Íslands í október 1998. Þá fékk hann réttindi sem fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali 2015. Auk þessa hefur umsækjandinn sótt ýmis námskeið hérlandis og erlendis. Að loknu embættisprófi 1992 hóf hann störf hjá lögmannsstofu Jónasar A. Aðalsteinssonar hrl., sem síðar varð LEX lögmannsstofa. Vorið 2000 var umsækjandinn ráðinn framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. sem við sameiningu síðar það ár varð Íslandsbanki-FBA hf. Árið 2002 var hann ráðinn í hálft starf sem lektor við lagadeild Háskólans í Reykjavík. Lét hann þá af störfum hjá Íslandsbanka-FBA hf. en sinnti lögmannsku hjá LEX lögmannsstofu samhliða starfi lektors til ársins 2004. Sama ár var hann ráðinn framkvæmdastjóri lögfræðisviðs hjá Straumi Fjárfestingabanka hf. og hætti þá hjá LEX lögmannsstofu en hélt stöðu sinni sem lektor. Í september 2006 hætti hann störfum hjá Straumi, og í framhaldinu gegndi hann fullu starfi lektors við lagadeild Háskólans í Reykjavík frá árinu 2007. Það ár fékk hann framgang í stöðu dósents við deildina. Samhliða kennslu og rannsóknum við skólann starfaði hann sem framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Gnúps fjárfestingafélags hf. frá október 2006 til ársloka 2007. Hann hætti störfum hjá lagadeild Háskólans í Reykjavík fyrri hluta árs 2011. Í janúar 2010 hóf hann á ný störf hjá LEX lögmannsstofu og starfaði þar fram til ársloka 2017. Umsækjandinn var skipaður dómari við Landrétt 8. júní 2017 og hefur hann gengt því embætti frá stofnun dómstólsins 1. janúar 2018. Áður en umsækjandinn hóf störf hjá lagadeild Háskólans í Reykjavík var hann

stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands 2001 til 2002, og kennndi þar annars vegar aðfarargerðir og hins vegar verðbréfamarkaðsrétt. Í störfum sínum fyrir lagadeild Háskólans í Reykjavík annaðist umsækjandinn fyrst og fremst kennslu í tveimur námsgreinum, annars vegar kröfurétti, síðar fjármunarétti I - samninga-, skaðabóta- og kröfurétti og hins vegar verðbréfamarkaðsrétti, síðar viðskipti með fjármálagerninga. Rannsóknir hans á sviði lögfræði hafa fyrst og fremst beinst að síðarnefndu fræðisviði. Til viðbótar hafði hann umsjón með og annaðist kennslu í námsgreininni alþjóðlegir fjármagnsmarkaðir árið 2007 og kennslu í fjármunarétti V. Þá hefur hann komið að kennslu í ýmsum öðrum námsgreinum sem aðrir kennrarar hafa haft umsjón með. Sem lektor og síðar dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík árin 2002 til 2011 hafði hann umsjón með kandídats- og meistararitgerðum. Þá var hann reglulega prófdómari á þessu tímabili. Áður hafði hann umsjón með nokkrum lokaritgerðum laganema við lagadeild Háskóla Íslands. Umsækjandinn annaðist kennslu í aðfarargerðum á námskeiðum fyrir verðandi lögmenn 2001-2005 og verðbréfamiðlara 2000-2001. Bækur sem umsækjandinn hefur ritað eru *Viðskipti með fjármálagerninga* (2009) og *Markaðssvik* (2017). Þá hefur hann ritað þrjá bókakafla og 14 ritrýndar fræðigreinar um lögfræðileg efni. Umsækjandinn tók þátt í innra starfi lagadeilda Háskólans í Reykjavík, þ.e. kennsluþróunarráði, námsþróunarráði og rannsóknarráði. Hann var formaður stjórnar Fjármálaréttarstofnunar Háskólans í Reykjavík 2003-2007, og forstöðumaður sömu stofnunar frá 2007-2011. Hann sat í rýnihópi sem gerði úttekt á laganámi við Háskólann í Reykjavík árið 2014. Af öðrum störfum má nefna að umsækjandinn hefur verið varaformaður stjórnar Persónuverndar frá október 2007. Þá var hann formaður úrskurðarnefndar verðbréfamiðstöðva 2009-2013. Einnig starfaði hann sem sérfræðingur fyrir rannsóknarnefnd Alþingis frá apríl 2009 til mars 2010. Umsækjandinn var í tvígang settur *ad hoc* sem formaður nefndar um dómarastörf 2009. Hann var stjórnarformaður 1912 samstæðunnar 2012-2017. Þá var hann stjórnarmaður í Fossum mörkuðum hf. frá árinu 2016 til 2017. Hann sat í stjórn LEX lögmannsstofu 2011-2015. Af öðrum aukastörfum má nefna að umsækjandinn var árið 2001 skipaður í nefnd af iðnaðar- og viðskiptaráðherra sem samdi frumvarp sem varð að lögum nr. 161/2002 um fjármálfyrirtæki. Hann var í stjórn Lögmannafélags Íslands 2001 til 2003 og í laganefnd félagsins 1996-1999. Þá sat hann í laganefnd European Banking

Federation 2000-2002. Umsækjandinn hefur setið í ritrýninefnd Tímarits Lögréttu frá árinu 2009 og í ráðgjafarráði Tímarits lögfræðinga frá 2007. Umsækjandinn var settur dómari við Hæstarétt Íslands í sjö málum árið 2018.

Ása Ólafsdóttir er fædd 1. september 1970 og er því 49 ára. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands vorið 1996. Hún stundaði framhaldsnám við Cambridge-háskóla í Bretlandi og útskrifaðist þaðan með meistarapróf í lögum árið 2000. Þá hefur umsækjandi sótt námskeið og ráðstefnur á Íslandi og erlendis. Hún öðlaðist réttindi til að flytja mál fyrir héraðsdómi 1998 og hlaut leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti 2005. Árin 1996-1997 starfaði umsækjandinn sem fulltrúi á lögmannsstofu. Á árunum 1998-2008 var hún sjálfstætt starfandi lögmaður og rak þá lögmannsstofuna JP lögmanni í félagi við aðra. Hún var einn af lögmönum Neyðarmóttöku vegna nauðgana á árunum 2003-2008. Umsækjandinn var aðstoðarmaður dóms- og kirkjumálaráðherra, síðar dómsmála- og mannréttindaráðherra, um eins og hálfus árs skeið á árunum 2009-2010. Á þeim tíma tók hún þátt í starfi ýmissa sérfræðihópa á vegum ráðuneytisins. Umsækjandinn hefur setið í mörgum úrskurðarnefndum sem starfa á vegum stjórnsýslunnar. Árin 2003-2007 var hún nefndarmaður í kærunefnd jafnréttismála. Árin 2005-2011, að frátoldu um einu og hálfu ári sem hún gegndi starfi aðstoðarmanns ráðherra, var hún formaður áfrýjunarnefndar neytendamála og samdi nær alla úrskurði nefndarinnar. Á árunum 2010-2012 var hún formaður úrskurðarnefndar um félagsþjónustu og húsnaðismál og samdi niðurstöðu fjölða úrskurða. Þá var hún varaformaður úrskurðarnefndar hollustuháttu og mengunarvarnamála árin 2006-2012. Á árunum 2012-2015 var hún formaður gjafsóknarnefndar og varaformaður frá 2015. Á árinu 2012 tók umsækjandinn sæti í óbyggðanefnd og hefur hún verið formaður nefndarinnar frá 2016 og hefur tekið ríkan þátt í samningu úrskurða nefndarinnar. Umsækjandinn var varaformaður eftirlitsnefndar fasteignasala á árunum 2010-2019. Árin 2013-2015 var hún formaður nefndar um skráningu trúfélaga. Hún sat í stýrihóp um velferðarvakt á árunum 2009-2011. Haustið 2014 var hún lögfræðilegur ráðgjafi framkvæmdahóps stjórnavalda um afnám gjaldeyrishafta og var síðar ráðgjafi Seðlabankans meðal annars við mat á því hvort stöðugleikaframlög hinna föllnu fjármálfyrirtækja uppfylltu íslensk lög. Umsækjandinn er formaður nefndar sem skipuð var af dómsmálaráðherra í apríl 2019

um rannsókn og saksókn skattalagabrota. Hún hefur setið í starfshóp mennta- og menningarmálaráðherra um aðgerðir í kjölfar #metoo og var skipuð af forsætisráðherra í nefnd um mótn stefnu í forvörnum og fræðslu með það að markmiði að útrýma kynferðislegu ofbeldi, kynferðislegri og kynbundinni áreitni og öðru kynbundnu ofbeldi. Einnig hefur hún setið í nefnd um dómarastörf, fyrst sem varamaður frá árinu 2011, en sem aðalmaður frá 2013. Þá var ritstjóri Lagasafns og í ritstjórn þess frá 2011. Einnig hefur umsækjandinn verið nefndarmaður í réttarfarsnefnd frá 2012 og varaformaður í endurupptökunefnd frá 2017. Einnig sat hún í yfirkjörstjórn Reykjavíkurkjördæmis norður 2007-2009. Þá var hún skipuð af dómsmálaráðherra í vinnuhóp um kosti og galla þess að koma á fót millidómstigi árið 2010, skipuð af fjármálaráðherra í starfshóp sem var falið að kanna hvort unnt væri að hefja og reka skaðabótamál á hendur lögaðilum eða einstaklingum sem hefðu valdið ríkinu eða almenningi í landinu fjárhagslegu tjóni með athöfnum sínum í aðdraganda og kjölfar bankahrunsins árið 2009 og af forsætisráðherra í starfshóp árið 2009 sem síðar samdi frumvarp um sanngirnisbætur vegna misgjörða á vistheimilum fyrir börn. Þá hefur hún veitt stjórnvöldum ýmsa ráðgjöf. Umsækjandinn hefur verið kennari við lagadeild Háskóla Íslands frá árinu 2004, þar af lektor í hlutastarfi 2006-2008, en síðan í fullu starfi 2008-2012, að undanskildum þeim tíma meðan hún gegndi starfi aðstoðarmanns ráðherra. Frá miðju ári 2012 hefur hún verið dósent við deildina og professor frá miðju ári 2018. Kennslugreinar hennar hafa einkum verið á sviði réttarfars og fjármunaráéttar, jafnt í grunnnámi sem meistaránámi, þar af hafa aðalkennslugreinarnar verið samningaréttur og skuldaskilaréttur, en einnig hefur hún annast kennslu í réttarfari og alþjóðlegum einkamálarétti. Auk þess hefur hún verið umsjónarmaður kandídatsritgerða og leiðbeinandi fjölda nemenda við ritun meistararitgerða. Hún hefur einnig kennt við Viðskiptaháskólann á Bifröst, Háskólann í Reykjavík og háskóla á Spáni. Þá hefur hún annast kennslu á námskeiðum til öflunar réttinda til málflutnings fyrir héraðsdómi, löggildingarnámskeiðum fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala, réttindanámskeiði fyrir þá er öðlast vilja löggildingu sem bifreiðasalar og réttindanámskeiði fyrir löggildingu verðbréfasala. Að auki hefur hún kennt á sérstöku réttindanámskeiði í rekstrar- og viðskiptafræðinámi Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands, auk þess sem hún hefur fengist við kennslu á námskeiðum á vegum

ýmissa aðila. Umsækjandinn hefur sinnt ritrýni og verið skipuð prófdómari við meistaraprófsvarnir. Hún hefur unnið skýrslur og álit af ýmsum toga. Þá samdi hún, ásamt öðrum, skýrslu um stöðu íslensks neytendaréttar sem gefin var út af viðskiptaráðuneytinu árið 2008. Einnig var hún tilnefnd af Háskóla Íslands til þess að gera, ásamt öðrum, úttekt á aðstæðum núverandi fjárhagslegrar stöðu Orkuveitu Reykjavíkur og var sú skýrsla birt árið 2012. Samhliða kennslu hefur umsækjandinn sinnt rannsóknum á fræðasviðum sínum. Í umsókn sinni greinir umsækjandinn frá 25 ritverkum sínum um lögfræðileg efni, þar af eru þrjár bækur, sex ritrýndir bókakaflar og 12 ritrýndar fræðigreinar. Bækur sem umsækjandinn hefur ritað eru *Neytendaréttur* (2009), saman ásamt Eiríki Jónssyni og er á sviði neytendaréttar eins og heiti hennar ber með sér, *Handbók um gjaldþrotaskipti* (2011), en þar er um að ræða aðra uppfærða útgáfu á bók sem hafði upphaflega verið samin af öðrum. Þá er umsækjandinn einn þriggja höfunda bókarinnar *Hrunréttur* (2019), þar sem fjallað er um eftirmála hrunsins með aðferðum lögfræðinnar. Þá hefur umsækjandinn nýlokið ritun verksins *Ógildingarreglur samningaráttar* sem byggir á nokkurra ára rannsóknum á ógildingarreglum samningaráttar og er bókin væntanleg á næstunni. Umsækjandinn var ritstjóri bókarinnar *Restatement of Nordic Contract Law* (2016), auk þess sem hún er meðhöfundur sex kafla bókarinnar. Þá tekur umsækjandi fram að hún hafi ritað greinar í Lögmannablaðið og samið kennsluefni fyrir háskóla. Þá tilgreinir umsækjandi að hún hafi haldið 30 fyrirlestra. Umsækjandinn hefur átt sæti í ýmsum nefndum og ráðum á vegum Háskóla Íslands, þ. á m. situr hún í stjórn styrktarsjóða skólans. Árið 2017 varð hún formaður stjórnar Lagastofnunar. Í júlí 2018 tók hún við stöðu varaforseta lagadeildar Háskóla Íslands. Umsækjandi sat í stjórn Lindarhvols ehf., sem var falið að fullnusta og selja stöðugleikaeignir, 2016-2018 og í stjórn Eyris hf., sem meðal annars á stóran hluta í Marel, frá 2016. Þá hefur umsækjandinn stýrt starfshópum á vegum stjórnvalda um IMMI. Árin 2008-2014 var hún í stjórn styrktarsjóðsins *bú getur!* sem ætlað er að veita námsstyrki til þunglyndra og þeirra sem þjást af geðröskunum. Þá var hún *ad hoc* nefndarmaður í dómnefnd til að meta hæfi umsækjenda um embætti tveggja héraðsdómara árið 2012. Hún situr í fulltrúaráði Hjartaverndar og hefur starfað fyrir samtökin í sjálfbóðastarfi um langt árabil. Á árunum 2014-2017 sat hún í stjórn Kraftlyftingasambands Íslands og í framkvæmdastjórn ÍSÍ 2017-2019. Hún átti sæti í

laganefnd Lögmannafélags Íslands 2005-2008. Loks lætur umsækjandinn þess getið að hún hafi komið að gerð fjölda lagafrumvarpa. Er um að ræða sjö frumvörp meðan hún gegndi starfi aðstoðarmanns ráðherra og sex frumvörp sem samin hafa verið utan aðalstarfs. Umsækjandinn var settur dómari við Hæstarétt Íslands í átta málum árið 2018. Auk þess átti hún þátt í ákvarðanatöku um hvort veita eigi áfrýjunarleyfi í einu máli réttarins 2019. Frá árinu 2013 hefur hún verið fastur varadómari við EFTA dómstólinn þar sem hún hefur tekið þátt í meðferð fimm mála.

Davíð Pór Björgvinsson er fæddur 9. apríl 1956 og er því 63 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í júní 1985 og LL.M. námi við Duke-háskóla í Bandaríkjunum í maí 1987. Doktorsgráðu í lögum hlaut hann frá háskólanum í Strassborg í október 2013. Áður, í febrúar 1982, lauk hann BA-prófi í sagnfræði sem aðalgrein og heimspeki sem aukagrein frá heimspekideild Háskóla Íslands. Réttindi til málflutnings í héraði öðlaðist hann 1989. Að loknu embættisprófi starfaði umsækjandinn í rúmlega eitt ár sem fulltrúi lögmannna, annars vegar hjá Ólafi Birgi Árnasyni hrl. og hins vegar hjá Ásgeiri Thoroddson hrl. Á árunum 1987 og 1988 var hann í rúmlega eitt og hálft ár fulltrúi yfirborgardómara í Reykjavík, en frá 1989-1993 var hann dósent við lagadeild Háskóla Íslands í tæplega fimm ár. Frá 1993-1996 starfaði umsækjandinn í tæplega þrjú ár sem aðstoðarmaður dómara við EFTA-dómstólinn í Luxemborg, sem þá hafði nýlega verið komið á fót, og aftur 1999-2003 í tæplega fjögur ár eða samtals tæplega sjö ár. Umsækjandinn var professor við lagadeild Háskóla Íslands í sjö ár 1996-2003, en fékk leyfi frá því starfi 1999-2003. Hann var professor við lagadeild Háskólans í Reykjavík í rúmlega eitt ár frá 2003 til 2004. Frá nóvember 2005 gegndi hann síðastnefndu starfi í 25% starfshlutfalli til loka árs 2013 samhliða dómarastarfi. Umsækjandinn var dómari við Mannréttindadómstól Evrópu í Strassborg á árunum 2004-2013 eða í níu ár. Í byrjun árs 2014 tók hann annars vegar við stöðu professors við rannsóknarstofnun sem tengd er lagadeild Háskólans í Kaupmannahöfn í 100% starfshlutfalli og hins vegar stöðu professors við lagadeild Háskóla Íslands í 49% starfi. Hann starfaði við lagadeild Háskólans í Kaupmannahöfn til loka árs 2015 en gegndi stöðu rannsóknarprofessors við lagadeild Háskóla Íslands til loka árs 2017. Umsækjandinn var skipaður dómari við Landrétt 8. júní 2017 og hóf hann störf við réttinn þann 1. október 2018. Umsækjandinn var kjörinn varaforseti

Landsréttar þann 15. júní 2017 og gegnir því embætti í dag. Umsækjandinn gegnir einnig stöðu rannsóknarprófessors við lagadeild Háskóla Íslands frá 1. janúar 2018 og sinnir í því starfi leiðsögn doktorsnema. Þá sinnir umsækjandinn kennslustörfum við Háskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík og Háskólann á Akureyri einkum á sviði alþjóðlegra mannréttinda, almennrar lögfræði og einkamálaréttarfars.

Samhliða aðalstörfum hefur umsækjandinn sinnt fjölmörgum aukastörfum. Meðal þeirra er þátttaka í samningu fimm lagafrumvarpa fyrir ráðuneyti. Þá sat hann í refsiréttarnefnd í rúm þrjú ár. Jafnframt hefur hann samið álitsgerðir í tengslum við setningu og framkvæmd laga á mörgum sviðum, ýmist einn eða með öðrum. Þá hefur hann einn eða með öðrum tekið þátt í samningu skýrslna og álitsgerða á ýmsum sviðum lögfræðinnar fyrir stjórnvöld, innlend og fjölbjóðleg, auk þess að veita stjórnvöldum og einkaaðilum lögfræðilega ráðgjöf í nokkrum mæli. Umsækjandinn hefur einnig verið formaður fjögurra nefnda á vegum Stjórnarráðsins, setið í tveimur til viðbótar og nokkrum sinnum verið skipaður til setu í nefnd á stjórnsýslustigi *ad hoc*. Um er að ræða formennsku í nefnd um eignarhald á fjöldum 2003-2004, formennsku nefndar um starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði 1998-1999 og formennsku mannanafnanefndar 1997-1999. Þá var hann formaður prófnefndar verðbréfamiðlara 1991-1993 og sat í nefndinni 1996-1999. Loks mun hann hafa veitt umboðsmanni Alþingis aðstoð við afgreiðslu einstakra mála 1990-1993 og 1997-1998. Önnur aukastörf sem umsækjandinn getur um eru meðal annars kennsla á réttindanámskeiðum fyrir fasteignasala og verðbréfamiðlara og formennska í fagráði löggreglu frá mars 2014. Þá var hann formaður í stjórn Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands í sex ár frá 1998 til 2004. Hann sat í vísindasiðanefnd í eitt ár og starfaði sem gestaprofessor við lagadeild Háskólans í Flórens um þriggja mánaða skeið árið 2017. Þá var hann settur ríkissaksóknari til að veita enduruptökunefnd umsögn vegna beiðna um enduruptöku svonefndra Guðmundar- og Geirfinnsmála. Umsækjandinn hefur verið varamaður í stjórn dómstólasýslunnar frá 1. janúar 2018. Umsækjandinn hefur sinnt fræðistörfum og ritstörfum í ríkum mæli, en hann hefur ritað bækurnar *Barnaréttur* (1995), *EES-réttur og landsréttur* (2006), *Lögskýringar. Kenningar, aðferðir og sjónarmið við skýringu og beitingu laga* (2008), og *The Intersection of International Law and Domestic Law. A Theoretical and Practical Analysis* (2015). Að auki getur hann um 64 greinar og

bókakafla á ýmsum sviðum lögfræði sem birst hafa í lögfræditímaritum og afmælisritum, innlendum sem erlendum. Af þeim eru um 40 ritrýndar og í tveimur tilvikum er getið um meðhöfunda. Þá hefur hann samið kennsluefni fyrir námskeið í Háskóla Íslands og Háskólanum í Reykjavík. Af enn öðrum aukastörfum má nefna ritstjórn eða setu í ritnefnd sex rita, þar á meðal afmælisrita, leiðsögn í ritun fjölda kandídatsritgerða, meistararitgerða og í námi fimm doktorsnema auk setu í dómnefndum vegna starfa innan háskóla. Þá getur hann um 78 fyrirlestra á námskeiðum, fundum og ráðstefnum sem flestar voru haldnar hér á landi en allmargar víða um heim, auk fjölda blaðagreina. Hvað varðar reynslu af stjórnun var umsækjandinn varaforseti 4. deildar Mannréttindadómstóls Evrópu frá 2011 til 2013 og framsögumaður í fjölmögum málum við dómstólinn, þar á meðal í Grand Chamber. Þá var hann framkvæmdastjóri Menningarsjóðs útvarpsstöðva 1988 til 1992, formaður Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands. Þá hefur hann gegnt ýmsum stjórnunarstörfum innan íslenskra háskóla. Umsækjandinn var varadómari við Mannréttindadómstól Evrópu í tveimur málum fyrir skipun hans í dóminn 2004, setudómari við Héraðsdóm Reykjaness í einu máli 1998, varadómari við EFTA-dómstólinn í eitt ár og hefur setið í gerðardómi í nokkrum tilvikum. Þá var hann settur dómari við Hæstarétt Íslands í rúmar sex vikur í byrjun árs 2017.

Guðni Á. Haraldsson er fæddur 26. júní 1954 og er því 65 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði vorið 1979 frá lagadeild Háskóla Íslands. Síðan þá hefur hann sótt ýmis námskeið á vegum Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands og Lögmannafélags Íslands. Hann öðlaðist réttindi til málflutnings í héraði 1982 og fyrir Hæstarétti 1990. Að loknu embættisprófi starfaði umsækjandinn í sex mánuði við þinglysingar hjá Sýslumanninum í Reykjavík. Á árunum 1980-1983 starfaði hann sem lögfræðingur hjá embætti Ríkissáttasemjara. Hann starfaði síðan sem fulltrúi á lögmannsstofu Gylfa og Svölu Thorlacius hrl. 1983-1985. Umsækjandinn hóf rekstur lögmannsstofunnar Löggarðs ehf. árið 1985 í samstarfi við two aðra lögmann. Í dag er hann einn eigandi þeirrar lögmannsstofu. Sem lögmaður hefur umsækjandinn flutt fjölda mála fyrir dómstólum hér á landi, bæði í héraði, fyrir Félagsdómi, Landsrétti og Hæstarétti Íslands. Kemur fram í umsóknargögnum að umsækjandi hafi frá árinu 2000 flutt um 140 mál fyrir Hæstarétti.

Af aukastörfum umsækjandans skal nefnt að hann hefur verið skipaður *ad hoc* til setu í kærunefnd jafnréttismála í tveimur málum. Umsækjandinn var tilnefndur sem dómarí við Félagsdóm af Kennarasambandi Íslands árið 1992 og síðar af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja á árunum 2001-2010. Árið 2013 var hann skipaður af Hæstarétti Íslands til að starfa sem einn af þremur föstum dómurum við Félagsdóm og hefur hann dæmt í flestum málum sem komið hafa fyrir réttinn frá þeim tíma. Á árunum 1993-1995 sat hann í stjórn Lögmannafélags Íslands. Þá var hann formaður Handknattleiksdeildar Vals árin 1998-1999. Sömuleiðis var hann formaður sumarhúsafélagsins Hestvíkur, Grímsnes- og Grafningshreppi í tvö ár. Umsækjandinn getur um eina grein sem hann hefur skrifað sem birt var í Tímariti Lögréttu árið 2006. Árið 2015 annaðist hann kennslu á námskeiði um dómkvadda matsmenn og matsgerðir í einkamálum. Þá hélt umsækjandinn einnig námskeið á vegum Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands í tilefni af nýjum skaðabótalögum nr. 50/1993 í samvinu við annan lögmann.

Ingveldur Einarssdóttir er fædd 29. apríl 1959 og er því 60 ára. Hún lauk embættisþrófi í lögfræði vorið 1985 frá lagadeild Háskóla Íslands. Á árunum 1996-1997 stundaði hún nám í umhverfisrétti við lagadeild Uppsalaháskóla í Svíþjóð þaðan sem hún lauk prófi. Haustið 2011 lagði hún stund á nám í mannréttindum við lagadeild Osloarháskóla. Á árinu 2012 sótti hún námskeið í Evrópurétti og EES-rétti sem og starfsmannarétti við lagadeild Háskóla Íslands. Að auki hefur hún settið fjölmörg námskeið um lögfræðileg efni á vegum Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands og annarra aðila, þar á meðal dómstólaráðs og Samstarfsnefndar um símenntun fyrir dómara á Norðurlöndum (SEND). Árið 1985 hóf umsækjandinn störf sem fulltrúi yfirborgarfógetans í Reykjavík og starfaði hjá því embætti til 1. júlí 1992 þegar hún varð dómarafulltrúi við Héraðsdóm Reykjavíkur en því starfi sinnti hún til desemberloka 1997. Þá var umsækjandinn settur borgarfógeti í fjóra mánuði á árinu 1991. Umsækjandinn var kennslustjóri við lagadeild Háskóla Íslands í sjö mánuði árið 1998 og starfaði svo hjá umboðsmanni Alþingis í fimm mánuði til ásloka 1998. Hún var settur dómarí við Héraðsdóm Reykjavíkur um sex mánaða skeið 1995. Í byrjun árs 1999 var hún sett til að gegna embætti héraðsdómara og gegndi hún því starfi þar til hún var skipuð héraðsdómari við Héraðsdóm Suðurlands 10. nóvember 1999. Í sjö og hálfan

mánuð á árunum 2001 til 2002 var hún settur dómstjóri þess dómstóls og gegndi svo stöðu dómstjóra dómstólsins um fjögurra mánaða skeið 2003. Frá því í byrjun árs 2004 til loka árs 2012 var hún dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur. Þá tók hún í eitt skipti sæti sem varadómari í Hæstarétti Íslands. Frá 1. janúar 2013 var hún sett til að gegna embætti dómara við Hæstarétt og gegndi hún því um tveggja ára skeið. Hún var sett í embætti Hæstaréttardómara að nýju frá 1. janúar 2015 til og með 15. september 2017. Á haustmánuðum 2017 var hún sett til að gegna embætti dómara við Hæstarétt til að ljúka sjö málum sem hún hafði þegar setið málflutning í. Alls hefur umsækjandinn því verið settur dómari við Hæstarétti í tæp fimm ár. Þá var hún sett dómari við Hæstarétt Íslands vorið 2018 í sex málum. Umsækjandinn var skipuð dómari við Landsrétt 8. júní 2017 og hefur hún gegnt því embætti frá stofnun dómstólsins 1. janúar 2018.

Af aukastörfum umsækjandans skal nefnt að hún hefur tekið sæti í áfrýjunarnefnd samkeppnismála í níu málum, þar á meðal sem formaður í þremur þeirra þar sem hún stóð að samningu úrskurða. Hún var formaður barnaverndarráðs á árunum 1997-2002. Þá var hún formaður kærunefndar barnaverndarmála frá maí 2004 til ársloka 2012. Hún átti sæti í nefnd sem annast prófraun fyrir umsækjendur um réttindi til að starfa sem héraðsdómslögmenn á árunum 2000-2009. Þá sat hún í dómstólaráði árin 2000-2006, þar af sem varaformaður ráðsins 2003-2005 og formaður þess árin 2005-2006. Einnig hefur hún setið í ýmsum nefndum og starfshópum á vegum dómstólaráðs. Frá árinu 2006 til 2016 sat hún í áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema. Umsækjandinn sá árin 1994 til 1995 um gerð raunhæfra verkefna við lagadeild Háskóla Íslands og annaðist kennslu í erfðarétti við deildina árin 1999 til 2000. Hún hefur um árabil verið prófdómari í réttarfari við deildina. Jafnframt hefur hún verið leiðbeinandi við gerð BA-ritgerða við lagadeild Háskólans í Reykjavík og prófdómari við meistararitgerðir á sviði lögfræði við sama skóla. Þá hefur hún annast kennslu á námskeiði um árangursríkan málflutning á vegum Lögmannafélags Íslands. Í umsókn sinni getur umsækjandinn um þrjár greinar sem birtar hafa verið í Tímariti lögfræðinga og í einu tilviki er getið um meðhofunda. Þá ritaði hún grein sem formaður Dómarafélags Íslands í Lögmannablaðið. Auk þess hefur hún flutt nokkra fyrirlestra um lögfræði á opinberum vettvangi, m.a. á vegum dómstólaráðs, en einnig erlendis, þar á meðal hefur hún tvívegis flutt fræðileg erindi á norræna lögfræðingaþinginu.

Umsækjandinn var formaður Dómarafélags Íslands á árunum 2009 til 2011 og sótti á þeim tíma þing á vegum Alþjóðasamtaka og Evrópusamtaka dómara. Árið 1997 vann hún, ásamt öðrum, að athugun á ákvörðun refsinga fyrir brot gegn tveimur ákvæðum almennra hegningarlaga á grundvelli dóma Hæstaréttar. Þá var hún árið 1998 skipuð í nefnd til að annast rannsókn á ákvörðun refsinga við líkamsárásum, kynferðisbrotum og fíkniefnabrotum. Rit um rannsókn þessa var gefið út 2003. Árið 1999 var hún skipuð í nefnd um heildarendurskoðun þágildandi laga um vernd barna og ungmenna. Í árslok 2008 var hún skipuð í nefnd til að fara yfir reglur þágildandi barnalaga um forsjá barna, búsetu og umgengni. Lauk nefndin störfum í byrjun árs 2010 og skilaði dómsmála- og mannréttindaráðherra tillögum sínum að breytingum á lögunum með frumvarpi og greinargerð sem var lögfest í kjölfarið.

Oddný Mjöll Arnardóttir er fædd 16. janúar 1970 og er því 49 ára. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands 1994 og doktorsprófi í lögfræði frá Edinborgarháskóla 2002. Hún hefur einnig sótt námskeið á vegum Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands og annarra hér á landi og erlendis. Hún öðlaðist réttindi til að flytja mál fyrir héraðsdómi í júlí 1995. Umsækjandinn vann sem fulltrúi á Málflutningsskrifstofu Borgartúni 24 á árunum 1994-1996. Fyrri hluta árs 2001 var hún framkvæmdastjóri Reykjavíkurakademíunnar sem rekur fræðasetur fyrir sjálfstætt starfandi fræðimenn og síðari hluta sama árs var hún framkvæmdastjóri Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands í þrjá mánuði. Hún var sjálfstætt starfandi lögmaður í fjölgum ár, fyrst við Lögmannsstofuna í Skeifunni 2002-2004 og síðan stofnandi og meðeigandi að Acta lögmannsstofu frá 2004-2006. Frá 1999-2000 var umsækjandinn aðjúnkt í hlutastarfi á sviði lögfræði við Háskólann á Bifröst og 2005 var hún stundakennari við Háskólann í Reykjavík. Hún var prófessor við sama skóla frá 2006-2012, fyrstu sex mánuðina í hálfu starfi en síðan í fullu starfi. Frá 2012-2018 var hún prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, en haustönn 2014 var hún gestaprófessor við Kaupmannahafnarháskóla. Voru helstu kennslugreinar umsækjandans evrópsk mannréttindi, alþjóðleg mannréttindi, vinnuréttur og aðferðafræðileg inngangsnámskeið, s.s. námskeið um inngang að lögfræði og lögfræðirannsóknir á meistarastigi. Auk þess hefur hún fengist við kennslu í öðrum námsgreinum. Þá stóð hún fyrir alþjóðlegum doktorsnemanámskeiðum við Háskólann í Reykjavík og Háskóla

Íslands árin 2009 og 2015. Rannsóknir hennar á sviði lögfræði hafa fyrst og fremst beinst að ýmsum viðfangsefnum á sviði mannréttinda, þar á meðal réttarfarslegum álitaefnum, frá sjónarhóli bæði þjóðaréttar, stjórnskipunarréttar og Evrópuréttar. Þá hefur hún einnig stundað rannsóknir á sviði réttarheimspeki, vinnuréttar og heilbrigðisréttar og hefur hún á ferli sínum hlotið fjölda náms- og rannsóknarstyrkja vegna margs konar verkefna. Umsækjandinn var skipaður dómarí við Landrétt 8. júní 2017 og hefur hún gengt því embætti frá stofnun dómstólsins 1. janúar 2018. Frá því að hún hóf störf hjá Landsrétti hefur hún einnig gegnt stöðu rannsóknarprófessors við Háskóla Íslands.

Af aukastörfum skal nefnt að umsækjandinn hefur þrisvar sinnum verið gestakennari á doktorsnemanámskeiðum við erlenda háskóla og kennt á námskeiðum annarra aðila hér á landi og erlendis. Á árunum 2000-2017 var hún kennari á námskeiði til öflunar héraðsdómslögmannsréttinda kenndi hún samningatækni, en árin 2000-2007 kenndi hún einnig skaðabótaábyrgð og starfsábyrgðartryggingar. Umsækjandinn átti sæti í laganeftnd Lögmannaþélags Íslands 2003-2005 og var skipuð *ad hoc* til setu í kærunefnd jafnréttismála í einu máli 2003. Árið 2004 kom hún að stofnun Félags kvenna í lögmennsku og var formaður félagsins starfsárið 2005-2006. Árin 2003-2006 sat hún í þrjú ár sem sérfræðingur í vísindasiðanefnd. Árið 2007 var hún skipuð til tveggja ára í fagráð hug- og félagsvísinda hjá Rannsóknamiðstöð Íslands til tveggja ára og 2010 var hún kjörin formaður stjórnar og framkvæmdastjórnar Mannréttindaskrifstofu Íslands, einnig til tveggja ára, en hafði áður verið varaformaður stjórnar 2008-2010 og stjórnarmaður árið 2007. Umsækjandinn sat í yfirkjörstjórn Reykjavíkurkjördæmis suður í sex ár frá 2007-2013. Árið 2014 sat hún í tveimur þriggja manna kjörnefndum til að úrskurða um gildi sveitarstjórnarkosninga í Langanesbyggð og í Reykjavík. Hún var varaformaður kærunefndar útlendingamála í eitt ár frá 2015-2016 sem varð 50% starf þegar leið á tímabilið. Umsækjandinn hefur bæði unnið að gerð lagafrumvarpa og veitt umsagnir um drög að lagafrumvörpum. Frá því í maí 2015 þangað til í janúar 2018 var hún skipaður formaður álitsnefndar vegna umsókna um skráningu trúfélags eða lífsskoðunarfélags. Hún var í ársbyrjun 2010 skipuð af forsætisráðherra í starfshóp um viðbrögð stjórnsýslunnar við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Þá var hún á árinu 2012 ráðin í sérfræðingahóp á vegum stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis, sem

falið var að fara yfir tillögur stjórnagaráðs að nýri stjórnarskrá og færa þær í búning lagafrumvarps. Einnig hefur umsækjandinn veitt sérstökum erindreka Sameinuðu þjóðanna á sviði réttinda fatlaðs fólks ráðgjöf. Bækur sem umsækjandinn hefur ritað eru *Nálægðarreglan, svigrúm til mats og samband Mannréttindadómstóls Evrópu við Landsrétt* (2018) og *Equality and Non-Discrimination under the European Convention on Human Rights* (2003), en sú síðarnefnda er byggð á doktorsritgerð umsækjanda. Hún hefur ritað 42 bókakafla og greinar, en af þeim eru 36 ritrýndar og í átta þeirra getið um meðhöfunda. Af þessum 36 ritrýndu greinum og bókaköflum eru þrjár annað hvort endurútgáfur eða þýðingar af áður útgefnum verkum umsækjandans. Þá hefur hún flutt 75 fyrilestra á námskeiðum, fundum og ráðstefnum hérlandis og erlendis. Af enn öðrum aukastörfum má nefna þátttöku í alþjóðlegu og innlendu rannsóknasamstarfi, formennsku í ráðstefnunefndum, ritstjórn og setu í ritnefnd nokkurra fræðirita og tímarita á innlendum og erlendum vettvangi. Leiðsögn í ritun fjölda kandídatritgerða, meistararitgerða auk leiðsagnar þriggja doktorsnema. Þá hefur hún setið í nefndum vegna starfa sinna innan Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík, m.a. setið í stjórn rannsóknarsjóðs og rannsóknarnámsnefnd lagadeildar Háskóla Íslands. Þá var hún forstöðumaður doktorsnáms við lagadeild Háskólans í Reykjavík frá 2010-2012. Einnig var hún formaður fagráðs félagsvísindasviðs Háskóla Íslands í um tvö ár frá október 2015, en var fyrst skipuð í ráðið ári fyrr. Hún var einnig formaður rannsóknarráðs lagadeildar Háskólans í Reykjavík í tvö ár, en var einnig fulltrúi lagadeildar í rannsóknarráði Háskólans í Reykjavík í eitt ár. Þá hefur hún verið andmælandi við doktorsvarnir fjögurra nema við erlenda háskóla og átt sæti í fjölda dómnefnda og valnefnda sem lögðu mat á hæfni starfsmanna við innlenda og erlenda háskóla og umsækjendur um doktorsnám. Umsækjandinn var formaður stjórnar Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands 2013-2017. Þá var hún nefndarmaður í nefnd um veitingu áfrýjunar- og kæruleyfa fyrir Landsrétti í eitt ár frá 1. janúar 2018. Þá var hún árið 2012 skipuð í matsnefnd um styrkumsóknir um styrkumsóknir úr rannsóknaráætlun Evrópusambandsins og hefur átt sæti í stýrihópum fjögurra alþjóðlegra rannsóknarnetverka. Einnig hefur hún setið í ritrýninefnd Tímarits Lögréttu 2004-2006 og 2007-2008 og auk þess sinnt ritrýni fyrir ýmis innlend og erlend tímarit og greinasöfn. Umsækjandinn hefur verið á lista yfir varadómara Íslands við

Mannréttindadómstól Evrópu frá maí 2014 og hefur tekið sæti sem dómari í þremur málum. Þá hefur húnverið sett varadómari við Hæstarétt Íslands í sex málum.

Sigurður Tómas Magnússon er fæddur 15. júní 1960 og er því 59 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði vorið 1985 frá lagadeild Háskóla Íslands. Hann hefur sinnt símenntun og endurmenntun frá útskrift bæði hér á landi og erlendis. Hann öðlaðist málflutningsréttindi í héraði í júní 1988 og leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti í janúar 2009. Að loknu embættisprófi starfaði umsækjandinn sem fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík til 15. september 1986. Þá hóf hann störf sem löglærður fulltrúi á lögmannsstofu Sigurmars K. Albertssonar hrl. þar sem hann starfaði í rúm tvö ár. Frá október 1988 til ágúst 1990 var hann aðstoðarmaður hæstaréttardómara og síðan settur borgardómari í eitt ár frá 1990-1991. Þá var hann fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík síðustu fjóra mánuði ársins 1991 og aðstoðarmaður hæstaréttardómara fyrstu fimm mánuði ársins 1992. Frá 1. júní 1992 til ársloka 1993 gegndi hann stöðu skrifstofustjóra við Héraðsdóm Reykjavíkur og stöðu dómarafulltrúa. Allt árið 1994 var hann settur héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur og starfaði nær eingöngu við meðferð sakamála. Frá 1. janúar 1995 til loka september 1996 starfaði hann sem skrifstofustjóri á dómsmála- og löggæsluskrifstofu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Hann var skipaður dómarvið Héraðsdóm Reykjavíkur frá 1. júní 1996 til 31. október 2005, en hann tók til starfa 1. október 1996 og var í leyfi frá 1. nóvember 2004. Frá hausti 2004 fram til ársloka 2017 starfaði hann við kennslu við lagadeild Háskólans í Reykjavík. Fram til ársins 2010 bar hann starfsheitið sérfræðingur en eftir það gegndi hann starfi atvinnulífsprofessors við lagadeildina. Aðalkennslugreinar umsækjandans þar voru einkamálaréttarfari í grunnnámi, sakamálaréttarfari í grunnnámi, auðgunar- og efnahagsbrot í áfanga í meistaránámi og gagnaöflun og munnlegur málflutningur í áfanga í meistaránámi. Hann hefur jafnframt kennt ýmsar aðrar fræðigreinar. Umsækjandinn var skipaður dómarvið Landrétt 8. júní 2017 og hefur hann gengt því embætti frá stofnun dómstólsins 1. janúar 2018.

Af aukastörfum umsækjandans má nefna að hann var settur ríkissaksóknari í svokölluðum Baugsmálum og flutti þau fyrir héraðsdómi og Hæstarétti og starfaði sem ráðgjafi sérstaks saksóknara frá stofnun embættisins í febrúar 2009 þar til embættið var lagt niður í árslok 2015. Hann sinnti stundakennslu í viðskiptarétti við Tækniháskóla

Íslands 1986-2005, í einkamálaréttarfari við lagadeild Háskóla Íslands 1993-1996, í kröfurétti, eignarétti og réttarfari við lagadeild Háskóla Íslands 1991-1992 og réttarfari við lagadeild Háskólans í Reykjavík á haustönn 2003. Þá annaðist hann kennslu í fjármunarátti á námskeiðum til öflunar réttinda sem verðbréfamiðlari 1990-1992 og 2001-2005 og samningarátti og réttarfari á löggildingarnámskeiðum fyrir fasteigna- og skipasala. Hann kenndi jafnframt einkamálaréttarfar á námskeiðum til öflunar héraðsdómslögmannsréttinda á árunum 2005-2019. Hann hefur verið prófdómari í skriflegum og munnlegum prófum í talsverðum mæli, þar á meðal við lagadeild Háskóla Íslands, og haft umsjón með ritun fjölda BA-ritgerða og meistararitgerða. Umsækjandinn ritaði bókina *Ákvörðun refsinga – Rannsókn á refsiákvörðunum vegna manndrápa, rána og líkamsmeiðinga 1951-2000* (2003), þar sem hann var höfundur að öðru efni en fjórða kafla. Hann hefur jafnframt skrifað 15 fræðigreinar sem birst hafa í innlendum og erlendum tímaritum, en þar af eru tíu ritrýndar. Nýverið hefur hann lokið ritun greinar sem mun birtast í 100 ára afmælisriti Hæstaréttar Íslands, gefið út 2020, og hefur hún þegar verið ritrýnd. Hann sat í ritrýninefnd Tímarits Lögréttu 2004-2005 og hefur síðan þá ritrýnt nokkrar fræðigreinar. Hann hefur einnig ritrýnt nokkrar fræðigreinar á sviði réttarfars sem birst hafa í Tímariti Lögfræðinga. Þá getur hann um 44 fyrirlestra um lögfræðileg málefni sem hann hefur flutt við hin ýmsu tilefni jafnframt sem hann hefur tekið þátt í fjölmögum fræðafundum og ráðstefnum. Árin 2006-2018 var umsækjandinn fulltrúi Íslands í stýrihópi fyrir norrænu réttarfarsráðstefnurnar og var hann þátttakandi í norrænu samstarfsverkefni á sviði réttarfars á árunum 2011-2012. Þá hefur hann setið í námsþróunarráði lagadeildar Háskólans í Reykjavík frá 2004, þar af sem formaður í fimm ár, setið í námsráði háskólans og átt sæti í nokkrum matsnefndum innan hans. Umsækjandinn var formaður dómstólaráðs 1998-2005 og sat í jafnréttisráði 1997-2000. Hann hefur átt sæti í fjölda stjórnsýslunefnda, svo sem kærunefnd jafnréttismála, þar af sem formaður í þrjú ár, verið varamaður í endurupptökunefnd og hefur tekið sæti þar í níu málum, þar með töldum Guðmundar- og Geirfinnsmálum, nefnd skv. 27. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og fjölda nefnda sem skipaðar hafa verið til að undirbúa lagasetningu á sviði lögreglumála, ákærvalds, dómstólaskipunar og réttarfars og jafnframt til þess að hrinda slíkri lagasetningu í framkvæmd. Þá hefur hann frá 2013

verið formaður stýrihóps á vegum innanríkisráðuneytisins sem fékk það verkefni að móta réttaröryggisáætlun sem taki til löggreglu, ákæruvalds, dómstóla og fullnustufirvalda. Hann var skipaður í nefnd um meðferð kærumála og kvartana á hendur löggreglu frá 15. janúar 2015. Þá var hann skipaður formaður réttarfarsnefndar frá 1. mars 2017 og nefndarmaður í áfrýjunarnefnd Landsréttar frá 1. janúar 2019. Umsækjandinn var skipaður formaður vinnuhóps dómsmálaráðherra um millidómstig árið 2010. Eftir að nefnd á vegum innanríkisráðherra hafði skilað drögum að frumvörpum um millidómstig vann hann áfram að undirbúningi og samningu frumvarpanna og athugasemda með þeim ásamt fleirum. Umsækjandinn sat í Félagsdómi 1995-1998, tilnefndur af BHM. Þá hefur hann verið settur varadómari við Hæstarétt Íslands í 13 málum og tekið sæti í gerðardómi í alls átta málum, þar af sex sinnum sem formaður.

5. Mat á umsækjendum

5.1. Menntun, starfsferill og fræðileg þekking

Samkvæmt 1. tölulið 4. gr. reglna nr. 620/2010 skal dómnefnd m.a. byggja niðurstöðu sína á mati á menntun, starfsferli og fræðilegri þekkingu umsækjenda.

5.1.2 Menntun og framhaldsmenntun

Í lokamálslið 1. töluliðar 4. gr. reglna nr. 620/2010 segir að dómnefnd skuli líta til þess hvort umsækjandi hefur stundað framhaldsnám.

Að því virtu sem greinir í 4. kafla hér að framan er það mat dómnefndar að *Aðalheiður*, *Davíð Pór* og *Oddný Mjöll* standi framar öðrum umsækjendum í þeim þætti hæfnismatsins er lýtur að menntun, en þau hafa öll lokið doktorsprófi. Stendur *Davíð Pór* öðrum aðeins framar þar sem hann hefur til viðbótar meistarapróf í framhaldsnámi og BA-próf í sagnfræði með heimspeki sem aukagrein. Næst þeim koma *Aðalsteinn* og *Ása* og en þau hafa hlotið viðbótarmeistaragráðu í framhaldsnámi. Til viðbótar kom fram hjá Aðalsteini að hann hafi stundað doktorsnám við Kaupmannahafnarháskóla 2008-2010. Á eftir þeim kemur *Ingveldur* sem hefur lokið prófi í umhverfisrétti og lagt stund á annað akademískt nám. *Guðni* og *Sigurður Tómas* standa framantöldum að baki í þessum þætti hæfnismatsins.

5.1.3 Starfsferill og fræðileg þekking

Við mat á starfsferli og fræðilegri þekkingu umsækjenda skal dómnefnd samkvæmt 1. tölulið 4. gr. reglna nr. 620/2010 miða við að æskilegt sé að umsækjandi hafi fjölbreytta starfsreynslu á sviði lögfræðinnar, s.s. reynslu af dómstörfum, málflutningi eða öðrum lögmannsstörfum, störfum innan stjórnsýslunnar eða fræðistörfum. Þá skal miðað við að umsækjandi hafi til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega þekkingu og menntun.

Með vísan til þess sem fram kemur í kafla 4 hér að framan er ljóst að allir umsækjendur hafa umtalsverða og farsæla starfsreynslu á ýmsum sviðum lögfræðinnar. *Aðalheiður* hefur tæpra 20 ára reynslu af störfum við Háskóla Íslands og hefur ritað fjölda bóka og fræðigreina, en ljóst er að reynsla hennar er að mestu bundin við umhverfis- og auðlindarétt. *Aðalsteinn* hefur starfað sem lögmaður bæði á lögmannsstofu og sem forstöðumaður lögfræðiráðgjafar fyrirtækja í meira en 20 ár. Þá hefur hann sinnt fræðistörfum og kennslu í mörg ár aðallega á sviði fjármunaréttar og fjármálamarkaðsréttar. Síðustu tæp tvö ár hefur hann gegnt embætti landsréttardómara. *Ása* hefur stundað lögmennsku í tæp 14 ár og verið aðstoðarmaður ráðherra í rúmt eitt og hálfst ár. Þá hefur hún starfað við lagadeild Háskóla Íslands í um 11 ár. Þar hefur hún aðallega starfað á sviði réttarfars og fjármunaréttar. *Guðni* hefur starfað við lögmennsku í meira en 35 ár og flutt fjölda mála fyrir Hæstarétti. Þá hefur hann verið dómari við Félagsdóm um margra ára skeið. *Oddný Mjöll* hefur um 14 ára starfsreynslu við íslenska háskóla, þar af 12 ár sem professor. Hún hefur ritað fjölda bóka og fræðigreina og náð eftirtektarverðum árangri sem fræðimaður á alþjóðavísu. Hún hefur starfað við lögmennsku í rúmlega sex ár og hefur gegnt embætti dómara við Landsrétt í tæp tvö ár.

Telur dómnefndin að þó framantaldir umsækjendur hafi allir viðamikla og farsæla starfsreynslu ýmist af lögmannsstörfum, dómarastörfum, störfum í stjórnsýslunni og/eða kennslu og fræðastörfum standi þrír umsækjendur, þau *Davíð Þór*, *Ingveldur* og *Sigurður Tómas*, þeim framar þegar kemur að þessum matsþætti. Þykir nefndinni ekki ástæða til að gera upp á milli *Davíðs Þórs* og *Ingveldar* sem nefndinni þykja standa tvö fremst umsækjenda í þessum matsþætti. Þannig hefur *Davíð Þór* starfað sem dómari við Mannréttindadómstól Evrópu í níu ár og gegnt embætti landsréttardómara í rúmt ár. Þá hefur hann verið settur dómari við Hæstarétt í um einn

og hálfan mánuð auk þess að hafa verið aðstoðarmaður við EFTA-dómstólinn í tæp sjö ár. Einnig hefur hann verið dósent og professor við lagadeildir bæði Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík í fjölda ára. Þá eru ritstörf hans umfangsmikil og hafa verk hans ótvírætt faglegt gildi og eru á ýmsum sviðum lögfræðinnar. *Ingveldur* hefur langa reynslu sem dómari í héraðsdómi og nú síðustu tæpu tvö ár í Landsrétti. Þá hefur það umtalsverð áhrif á mat nefndarinnar að auk fyrrgreindrar dómarareynslu var Ingveldur settur dómari við Hæstarétt í tæp fimm ár á óvenju annasönum og krefjandi tímum. Næstur þeim kemur *Sigurður Tómas* sem hefur starfað sem dómari í tæp 14 ár, bæði sem héraðsdómari og dómari við Landsrétt. Þá var hann skrifstofustjóri Héraðsdóms Reykjavíkur í rúmlega eitt og hálfst ár og gegndi embætti skrifstofustjóra á dómsmála- og löggæsluskrifstofu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins í rúmlega eitt og hálfst ár. Hann starfaði einnig við lagadeild Háskólans í Reykjavík í rúmlega 13 ár, þar af sem atvinnulífsprófessor í tæp átta ár. Starfaði hann einkum á sviði einkamála- og sakamálaréttarfars við skólann. Er ljóst að framangreindir þrír umsækjendur hafa allir mikla starfsreynslu þar sem reynt hefur á beiingu réttarreglna á ólíkum sviðum lögfræðinnar.

5.2. Aukastörf og félagsstörf

Samkvæmt 2. tölulið 4. gr. reglna nr. 620/2010 skal dómnefnd við mat sitt m.a. líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraeftni. Þá er nefndinni heimilt að líta til víðtækrar þátttöku í félagsstarfi.

Í mörgum tilvikum eru aukastörf umsækjenda svo viðamikil að erfitt er að greina á milli þeirra og aðalstarfa. Einnig verður að hafa í huga að eðli aukastarfa er afar mismunandi með tilliti til framlags, ábyrgðar og krafna um frumkvæði, fræðilega þekkingu og sjálfstæði.

Með hliðsjón af því sem fram kemur í 4. kafla umsagnarinnar um aukastörf umsækjenda telur nefndin *Sigurð Tómas* fremstan umsækjenda í þessum þætti matsins. Horfir nefndin þar einkum til þess að honum hefur verið treyst fyrir fjölmörgum krefjandi og vandasönum aukastörfum á borð við að vera ríkissaksóknari í svonefndum Baugsmálum, vinnu við undirbúning að stofnun millidómstigs og formennsku í dómstólaráði og réttarfarsnefnd. Næst á eftir honum koma *Davíð Þór* og

Ingveldur. Í þeim eftir nefndin til þess að Davíð Þór vann t.d. sem sérstakur ríkissaksóknari að meðferð endurupptöku svonefndra Guðmundar- og Geirfinnsmála og var formaður nefndar um eignarhald á fjöldum árin 2003 til 2004. Ingveldur hefur leitt störf mikilvægra nefnda á sviði barnaverndar. Þá hefur hún verið aðalmaður í og formaður dómstólaráðs. Þá var hún kjörin formaður Dómarafélags Íslands og gegndi því hlutverki í tvö ár. Á eftir þeim koma í þessari röð *Ása*, *Aðalsteinn*, *Guðni*, *Aðalheiður* og *Oddný Mjöll*.

5.3. Almenn starfshæfni

Í 3. tölulið 4. gr. reglna nr. 620/2010 er fjallað um almenna starfshæfni umsækjenda. Segir í ákvæðinu að við mat á almennri starfshæfni skuli litið til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hvort hann eigi auðvelt með að skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Þá kemur fram að umsækjandi skuli hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti.

Eins og áður greinir var m.a. áskilið í auglýsingum um hið lausa dómaraembætti að fram kæmu í umsóknum upplýsingar um two fyrrverandi eða núverandi samstarfsmenn eða yfirmenn sem gætu veitt dómnefnd bæði munlega og skriflega upplýsingar um störf og samstarfshæfni hlutaðeigandi umsækjanda. Dómnefndin hefur haft umsagnir þessara umsagnaraðila, sem allar eru jákvæðar í garð hlutaðeigandi umsækjenda, til hliðsjónar við mat sitt á almennri starfshæfni umsækjenda. Af umsögnunum og athugunum nefndarinnar verður ráðið að allir umsækjendur uppfylli þær lágmarkskröfur sem gera verður samkvæmt 3. tölulið 4. gr. reglna nr. 620/2010 um sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hvort hann eigi auðvelt með skilja aðalatriði frá aukaatriðum.

Í 3. tölulið segir einnig að æskilegt sé að umsækjandi hafi reynslu af stjórnun. Stjórnunarreynsla umsækjenda er af margvíslegum toga og í mörgum tilvikum er um að ræða stjórnunarstörf sem unnin eru samhliða öðru starfi. Þegar litið er til þess hve fjölpætt og ólík stjórnunarreynsla umsækjenda er telur dómnefndin ekki að afgerandi munur sé á umsækjendum hvað þennan þátt varðar.

Í 3. tölulið 4. gr. reglna nr. 620/2010 segir að umsækjandi skuli hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti.

Dómnefndin hefur yfirfarið þær bækur, bókakafla, fræðigreinar og annað efni sem umsækjendur hafa ritað. Þá hefur dómnefndin tekið viðtal við alla umsækjendur. Á grundvelli þessa telur dómnefndin ljóst að allir umsækjendur hafi góða þekkingu á íslensku máli og eigi auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti og að ekki sé ástæða til að gera mun á umsækjendum hvað þennan þátt varðar.

Í ljósi framangreinds telur nefndin ekki ástæðu til að gera upp á milli hæfni umsækjenda varðandi matsþáttinn sem lýtur að almennri starfshæfni.

5.4. Sérstök starfshæfni

Í 4. tölulið 4. gr. reglna nr. 620/2010 segir að mikilvægt sé að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu og geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Hann verður að geta stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin, bæði fljótt og af öryggi.

5.4.1. Að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu

Hvað þennan þátt hæfnismatsins varðar hafa allir umsækjendur greint frá störfum sem geta fallið hér undir. Að mati dómnefndar skiptir einkum máli þegar lagt er mat á hvort umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu reynsla hans af dóms- og málflutningsstörfum auk framlags í formi kennslu og fræðiskrifa eða samningar lagafrumvarpa á sviði réttarfars. Í einhverjum tilvikum getur verið um að ræða aukastörf samhliða aðalstarfi, en aðallega er horft til reynslu viðkomandi þar sem unnin hafa verið störf þar sem reynir á þekkingu á réttarfari. Við mat á þessum þætti hefur verið horft til þess sem fjallað hefur verið um í köflum 4, 5.1 og 5.2.

Að þessu virtu er það niðurstaða dómnefndar að *Sigurður Tómas* standi öðrum umsækjendum framar þegar litið er til starfa hans og fræðistarfa á sviði einkamála- og sakamálaréttarfars, sem og fullnusturéttarfars. Nefndin telur ekki ástæðu til að gera upp á milli annarra umsækjenda hvað varðar þennan lið að því þó gættu að reynsla *Aðalheiðar* á þessu sviði er mun minni en annarra umsækjenda.

5.4.2. Að umsækjandi geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma, ritað þá á góðu máli og fært viðhlítandi rök fyrir dómsniðurstöðu

Í 4. gr. reglna nr. 620/2010 er m.a. vísað til þess að umsækjandi um embætti dómara þurfi að hafa til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega þekkingu og máli skipti hvort hann hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi, svo

og hvort hann eigi auðvelt með að skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Ennfremur að hann geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma. Eftir því sem umsækjandi hefur tileinkað sér betur þessi atriði, þeim mun færari er hann um að kveða upp dóm eða úrskurð í dómsmáli. Af dómsúrlausnum umsækjanda eða eftir atvikum stefnum, greinargerðum og stjórnsýsluúrskurðum hans má t.d. ráða hve gott vald hann hefur á réttarfarsreglum og hve vel hann er að sér þegar kemur að því að beita þeim réttarheimildum og skýra þau lög sem við eiga hverju sinni. Af þeim verður ekki síður ályktað hversu auðvelt umsækjandi á með að reifa í stuttu máli og um leið með fullnægjandi hætti málsatvik og ágreiningsefni dómsmáls og komast síðan að vel rökstuddri niðurstöðu um sönnunar- og lagaatriði, sbr. d- og f-liði 1. mgr. 114. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. og d-, f- og g-liði 2. mgr. 183. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Dómnefnd hefur farið yfir þær dómsúrlausnir sem umsækjendur vísuðu til í umsóknum sínum. Einnig var farið yfir stefnur, greinargerðir og fræðiskrif umsækjenda.

Það er niðurstaða mats dómnefndarinnar að allir umsækjendur séu mjög vel hæfir til að fara að fyrirmælum laga um samningu dóma, og geti ritað þá á góðu máli og fært viðhlítandi rök fyrir dómsniðurstöðu.

5.4.3. Að umsækjandi geti stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum er fengin bæði fljótt og af öryggi

Dómnefnd telur að ályktun um þessi atriði verði dregin af dómarastörfum, lögmannsstörfum, stjórnsýslustörfum og öðrum störfum sem umsækjendur hafa gegnt á liðnum árum. Með tilliti til þessa lítur nefndin svo á að allir umsækjendur séu hæfir til að stjórna þinghöldum af röggsemi og sanngirni og muni afgreiða þau mál, sem þeim eru fengin, bæði skjótt og vel. Ekkert er fram komið sem gefur tilefni til að gera upp á milli þeirra að því er þetta varðar.

5.5. Andlegt atgervi

Í 5. tölulið 4. gr. reglnanna er tekið fram að umsækjandi þurfi að eiga auðvelt með mannleg samskipti, bæði við samstarfsmenn og þá sem erindi eiga við hann. Gerð sé krafa um að af umsækjanda fari gott orð bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant.

Eins og áður greinir aflaði dómnefnd skriflegra umsagna tveggja fyrrverandi eða núverandi samstarfs- eða yfirmanna umsækjenda sem þeir sjálfir tilnefndu. Í umsögnunum komu m.a. fram upplýsingar um hvort að viðkomandi umsækjandi eigi auðvelt með mannleg samskipti og hvort að af honum færi gott orð bæði í fyrri störfum og utan starfa. Dómnefndin hefur haft umsagnir þessara umsagnaraðila til hliðsjónar við mat sitt á almennri starfshæfni umsækjenda.

Umsagnir allra umsagnaraðila voru jákvæðar og með hliðsjón af þeim er það mat dómnefndarinnar að allir umsækjendur uppfylli þær lágmarkskröfur sem gera verður samkvæmt 5. tölulið 4. gr. reglna nr. 620/2010 um að eiga auðvelt með mannleg samskipti og að af umsækjendum fari gott orð.

Þá hafa allir umsækjendur staðfest við nefndina að reglusemi þeirra sé í engu ábótavant.

6. Niðurstaða dómnefndar

Verkefni dómnefndar skv. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 er að taka afstöðu til þess hver eða eftir atvikum hverjir umsækjenda séu hæfastir til að gegna embætti hæstaréttardómara sem auglýst hefur verið laust til umsóknar. Hér að framan hefur verið fjallað sérstaklega um þau sjónarmið sem dómnefnd ber að líta til við störf sín skv. 4. gr. reglna nr. 620/2010. Sjónarmiðin hafa samkvæmt eðli máls og orðalagi laganna og reglnanna mismunandi vægi innbyrðis, þótt öll séu þau mikilvæg, en ekkert eitt þeirra getur ráðið úrslitum án tillits til hinna. Ber dómnefrndinni samkvæmt ákvæðum laga nr. 50/2016, reglum nr. 620/2010 og ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993 að byggja niðurstöður sínar á heildstæðu mati á grundvelli málefnaalegra sjónarmiða.

Þótt almennt verði að telja umsækjanda til tekna að hafa langa og fjölbreytta starfsreynslu verður einnig að meta inntak starfsreynslunnar og það hvernig umrædd starfsreynsla muni nýtast í embætti hæstaréttardómara. Telur nefndin mestu málí skipta að umsækjendur hafi til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega menntun, þekkingu og færni og að umsækjendur hafi fengist við verkefni sem eru fjölbreytileg í þeim skilningi að þar sé seitt réttarreglum á ólíkum sviðum lögfræði. Það er þó ekki nægilegt að líta einungis til starfsreynslu heldur er einnig mikilvægt að taka mið af

sjálfstæði, óhlutdrægni og frumkvæði umsækjenda, sem og færni þeirra við lögfræðilega greiningu, skilvirkni í starfi og hæfni í mannlegum samskiptum.

Hlutverk nefndarinnar samkvæmt 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 takmarkast við að veita ráðherra umsögn. Nefndin fer ekki með skipunarvaldið. Ráðherra fer með það vald og ber ábyrgð á því að skipun dómara fari fram samkvæmt réttum lögum. Af því leiðir að ráðherra getur t.d. vikið frá niðurstöðu nefndarinnar ef slík ákvörðun byggir á viðhlítandi rannsókn á mannkostum umsækjenda. Þá getur ráðherra óskað eftir því að nefndin framkvæmi frekari rannsóknir, t.d. með því að horfa í ríkari mæli til tiltekinna málefnalegra sjónarmiða sem ráðherra getur rökstutt að eigi að hafa meiri þýðingu en nefndin miðar við.

Dómnefndin hefur kynnt sér ítarlega umsóknir, ferilskrár, innsend gögn umsækjenda sem og opinberar upplýsingar. Þá hefur nefndin kynnt sér umsagnir umsagnaraðila og tekið viðtöl við alla umsækjendur. Er niðurstaða dómnarfndar byggð á heildstæðu mati á verðleikum umsækjenda.

Ljóst er að umsækjendur um embættið eru allir mjög vel hæfir til að gegna embætti hæstaréttardómara á grundvelli þeirra sjónarmiða sem lýst er í lögum nr. 50/2016 og reglum nr. 620/2010.

Með skírskotun til þess sem að framan er rakið er það þó mat nefndarinnar að þrír umsækjendur standi öðrum framar og teljist hæfust til að gegna umbætti hæstaréttardómara. Það eru þau Davíð Þór Björgvinsson, Ingeldur Einarsdóttir og Sigurður Tómas Magnússon. Nefndin telur ekki efni til að gera upp á milli þeirra þriggja.

Starfsferill þeirra er ólíkur bæði hvað varðar eðli þeirra starfa sem þau hafa sinnt og fjölda þeirra. Eðli máls samkvæmt er því samanburður á verðleikum þeirra flókinn og telur nefndin af þeim sökum ekki efni til að gera greinarmun á þeim. Þau eiga þó öll sammerkt að hafa á löngum og farsælum starfsferli getið sér góðs orðspors í störfum sem hafa gert kröfu um víðtæka þekkingu laga á fjölmörgum réttarsviðum, líkt og lýst er að framan; öll þrjú í þeim mæli að ekki verður greint á milli. Ekki eru því efni til að gera upp á milli hæfni þeirra til að gegna embætti hæstaréttardómara.

Ályktarorð:

Með skírskotun til 2. mgr. 12. gr. laga nr. nr. 50/2016 um dómstóla er það niðurstaða dómnefndar að Davíð Þór Björgvinsson, Ingveldur Einarsdóttir og Sigurður Tómas Magnússon séu hæfust umsækjenda til að hljóta skipun í embætti dómara við Hæstarétt Íslands sem auglýst var laust til umsóknar 6. september 2019.

Reykjavík, 9. desember 2019



Áslaug Árnadóttir



Halldór Halldórsson



Ragnhildur Helgadóttir



Guðrún Björk Bjarnadóttir



Reimar Pétursson